

Tillagan var auglýst, samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, frá 5. ágúst til 2. september 1998 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 20. nóvember 1998.

Magnús Gunnarsson bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um nýjan viðauka með reglum um bindiskyldu við Seðlabanka Íslands nr. 190/1998.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands hefur ákveðið með tilvísan til 1.-3. mgr. 8. gr. laga nr. 36/1986 og 3. mgr. 10. gr. laga nr. 123/1993 um aðrar lánastofnanir með áorðnum breytingum að eftirtöldum lánastofnunum beri að uppfylla ákvæði reglna Seðlabankans um bindiskyldu, nú frá 30. mars 1998.

Bindiskyldar stofnanir

Landsbanki Íslands hf.	Sparisjóður Ólafsvíkur
Búnaðarbanki Íslands hf.	Sparisjóður Hornafjarðar og nágrennis
Íslandsbanki hf.	Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis
Sparisjóðabanki Íslands hf.	Sparisjóður Strandamanna
Sparisjóður Hafnarfjarðar	Sparisjóður Vestmannaeyja
Sparisjóður Siglufjarðar	Sparisjóður Norðlendinga
Sparisjóður Mýrasýslu	Sparisjóður vélstjóra
Sparisjóður Húnaþings og Stranda	Sparisjóður Bolungarvíkur
Sparisjóður Norðfjarðar	Sparisjóður Svarfdæla
Sparisjóðurinn í Keflavík	Sparisjóður Önundarfjarðar
Sparisjóður S-Þingeyinga	Sparisjóður Höfðhverfinga
Sparisjóður Súðavíkur	Póstgíró, Íslandspóstur hf.
Eyrasparisjóður	Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf.
Sparisjóður Árneshrepps	Kaupþing hf.
Sparisjóður Hólahrepps	Samvinnusjóður Íslands hf.
Sparisjóður Ólafsfjarðar	Glitnir hf.
Sparisjóður Þingeyrarhrepps	Lýsing hf.
Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis	SP-fjármögnun hf.
Sparisjóður Kópavogs	

Jafnframt falla úr gildi fyrri viðaukar nr. 190 frá 30. mars 1998 og nr. 235 frá 15. apríl 1998.

Reykjavík, 18. nóvember 1998.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Eiríkur Guðnason.